



Úrvinnslusjóður
Ólafur Kjartansson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 1. desember 2006
Tilvísun: UST20060600106/hj

Reglur eða leiðbeiningar um endurnýtingu hjólbarða á urðunarstöðum


Í bréf dagsettu 27. okt sl kom fram að Umhverfisstofnun leggst ekki gegn notkun kurlaðra hjólbarða sem byggingarefni á urðunarstað, sbr. d. lið 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs sem drenlag eða þekjuefni í tengslum við rásir vegna gassöfnunar að því tilskildu að þykkt þessara laga fari ekki yfir 50 cm eins fram kemur í leiðbeiningum stofnunarinnar og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- að niðurstöður mengunarmælinga sýna að sýrustig á sigvatni frá urðunarstaðnum hafi ekki farið niður fyrir pH 6 sl. 3 ár
- að nægilegt flæði sigvatns eða hauggass gegn um drenefnið sé tryggt
- að öll tæknileg skilyrði fyrir sigvatns- eða hauggassöfnunarkerfi séu uppfyllt (halli á og bil milli röra sem og sverleiki þeirra, uppbygging frágangslags ofl.)
- að leitað verði umsagnar yfirvalda brunamála varðandi notkun á urðunarstaðnum
- að skilyrði um viðbragðsáætlun urðunarstaðarins séu uppfyllt og að notkunin samræmist skilyrðum starfsleyfisins

Jafnframt leggst Umhverfisstofnun ekki gegn notkun kurlaðra hjólbarða sem stoðefni á urðunarstað að því tilskyldu að fyrir liggi uppdráttur frá rekstraraðila af uppbyggingu reina á urðunarstaðnum sem stofnunin hefur samþykkt að fenginni umsögn yfirvalda brunamála og að notkun í þessum tilgangi sé í lágmarki. Á uppdrættinum skal koma fram magn kurlaðra hjólbarða sem fyrirhugað er að nota sem stoðefni í hverri rein.

Umhverfisstofnun leggst heldur ekki gegn því að nota kurlaðra hjólbarða í manir, en telur nauðsynlegt að þá liggi fyrir samþykki yfirvalda brunamála um notkunina og það magn sem má nota vegna hugsanlegrar eldhættu. Stofnun telur einnig að gera eigi kröfur um að hér sé um endanlega meðhöndlun að ræða, þ.e. að ekki verði hróflað við mönunum um ófyrirsjáanlega framtíð og að merkt sé inn á kort hvar slíkar manir eru ásamt innihaldslýsingu.

Virðingarfyllst


Helgi Jónsson
forstöðumaður



Gottskálk Friðgeirsson
fagstjóri